

Nd.

## 258. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Jóhannes Jósefsson.

Frá fjárhagsnefnd.

### 1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 20000 sterlingspunda lán, er Jóhannes Jósefsson hóteleigandi ætlar að fá í Englandi, enda verði lánið tryggt með fyrsta veðrétti í húseigninni Hótel Borg í Reykjavík og bakábyrgð Reykjavíkurbæjar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Ríkissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð á 350 þús. danskra króna láni, er Jóhannes Jósefsson hefir fengið hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn, með bakábyrgð Reykjavíkurbæjar, og er lánið tryggt með 1. veðrétti í „Hótel Borg“. Lánskjörin eru þau, að lánið greiðist á 20 árum, með vöxtum 1% undir vöxtum Þjóðbankans danska, þó ekki undir 6%. Nú fer lantakandinn fram á það, að honum verði hjálpað til þess að fá lán í Englandi til að greiða upp danska lánið, vegna þess að hann muni geta fengið þar betri lánskjör, lægri vexti og ef til vill lengri lánstíma. Jafnframt fer hann fram á það, að fá að hækka lánið frá því, sem það nú er orðið, vegna þess að á honum hvíli allháar, ósamningsbundnar skuldir, sem honum sé um megn að greiða á svo skömmum tíma sem krafizt sé. Nefndin lítur svo á, að ábyrgð ríkissjóðs sé í þessu tilfelli fyrst og fremst formsatriði, þar sem áskilin er bakábyrgð Reykjavíkurbæjar gagnvart ríkissjóði, og telur því rétt að verða við beiðninni.